

Náttúrustofuþing, haldið í Egilsbúð, Neskaupsstað 26. október 2011

Er hægt að útrýma mink á Íslandi?

Róbert A. Stefánsson og Menja von Schmalensee, Náttúrustofu Vesturlands, Hafnargötu 3, 340 Stykkishólmi

Minkur var fyrst fluttur til Íslands árið 1931. Hann slapp fljótlega úr haldi, fjölgaði sér og breiddist um landið þar til hann hafði numið öll helstu láglandssvæði árið 1975. Stofnstærð er óþekkt en veiðitölur benda til að mink hafi fjölgað nokkuð samfellt til ársins 2003 en fækkað síðan. Minkur er skilgreindur sem ágeng tegund á Íslandi eins og víða annars staðar þar sem hann finnst utan síns náttúrulega útbreiðslusvæðis. Alþjóðlegir samningar sem Ísland er aðili að skuldbinda íslensk stjórnvöld til að takmarka útbreiðslu og neikvæð áhrif slíkra tegunda.

Alþjóðanáttúruverndarsamtökin hafa gefið út leiðbeiningarreglur um aðgerðir sem miða að útrýmingu ágengra tegunda. Samkvæmt þeim eru helstu forsendur þess að hægt sé að útrýma stofni þessarar: a) Vaxtarhraði stofnsins verður að vera neikvæður hver sem þéttleikinn er, b) enginn innflutningur tegundarinnar má eiga sér stað, c) aðgerðir verða að geta náð til allra einstaklinga í stofninum, d) nauðsynlegt er að geta vaktað stofninn þótt þéttleiki sé orðinn mjög lítill og e) nauðsynlegir fjármunir og staðfesta verða að vera fyrir hendi til að ljúka útrýmingarherferðinni á þeim tíma sem til þarf.

Í erindinu verður rakið hver staðan er innan hvers þáttar varðandi íslenska minkastofninn og hverju þyrfti að breyta til að ná útrýmingu minks á Íslandi.